



Borgarráð

Bústaðavegur 151 D - úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Slippfélaginu ehf., kt. 631209-1650, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, um 2.394 m² atvinnulóð við Bústaðaveg 151 D og selja byggingarrétt að 3.385 m² ofanjarðar fyrir 94.780.000 kr. Verð lóðarinnar ákvarðast skv. niðurstöðu útboðs sem lauk þann 10. apríl 2019 með vísan til lóðarvilyrðis til félagsins sem samþykkt var í borgarráði þann 5. október 2017. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um 77.955.625 kr. í gatnagerðargjöld. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar eða lækkunar við álagningu þeirra við innlögð byggingarnefndateikninga.

Greiðslufrestur er 45 dagar frá samþykki borgarráðs á úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013. Lóðarhafa er óheimilt að framselja rétt sinn nema með heimild borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Tengigjöld fráveitu og önnur heimlagnagjöld eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin verður byggingarhæf í lok árs 2020. Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Að öðru leyti gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/2015uthlutunarskilmalar_almennir_loda-og_framkvaemdaskilmalar_02072015-1.pdf, og deiliskipulag fyrir Bústaðaveg 151-153, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. nóvember 2017, með breytingu sem auglýst var þann 1. mars 2019. Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Óli Jón Hertervig